



# STARFSREGLUR AFREKSSJÓÐS ÍSÍ

## 1. grein – Afrekssjóður ÍSÍ og skipan hans

Í stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ sitja átta menn. Framkvæmdastjórn ÍSÍ skipar sjö þeirra að loknu Íþróttþingi. Auk þess tilnefnir ráðherra íþróttamála einn stjórnarmann, meðan ríkissjóður leggur fram fé til sjóðsins. Kjörtímabil stjórnar er samhliða Íþróttþingum ÍSÍ eða tvö ár nema annað sé sérstaklega ákveðið. Allir hafa atkvæðisrétt. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum.

## 2. grein - Markmið

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ starfar eftir þeirri megin stefnu sem mótuð er í afreksstefnu ÍSÍ. Helstu markmið afreksíþróttastarfs íþróttahreyfingarinnar eru:

- að beita sér fyrir aðstöðu til æfinga fyrir afreksíþróttir á vettvangi sveitarfélaga og ríkis og að ferlamál fatlaðs afreksíþróttafólks séu tekin til skoðunar,
- að stuðla að og miðla niðurstöðum rannsókna á sviði íþrótt- og þjálfunarvísinda til þjálfara, íþróttamanna og annarra er málið varðar,
- að stuðla að og efla samráð og upplýsingaþjónustu á sviði læknávisinda íþróttanna/íþróttahélsufræði,
- að veita hvers kyns ráðgjöf og stuðning er getur orðið til að efla afreksíþróttirnar og íþróttamenn, bæði meðan á keppni þeirra stendur og að loknum keppnisferli,
- að skapa kjöraðstæður fyrir afreksíþróttamenn innan skólakerfis og á almennum vinnumarkaði til að ná árangri samhliða námi og starfi,
- að markaðssetja afreksíþróttirnar í þjóðfélaginu,
- að efla þekkingu þjálfara, dómara og annara sem koma að afreksíþróttastarfi á Íslandi þannig að þeir séu á heimsmeðalvarða,
- að veita afreksíþróttafólki/flokkum fjárhagslegan stuðning.

Sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar er að Íslendingar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþróttamanna. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins, og auka íslenska þjálfunarkunnáttu.

## 3. grein - Skilgreining afreka

Afreksmaður er hver sá íþróttamaður/flokkur sem stenst ákveðna viðmiðun í viðkomandi grein. Um framúrskarandi íþróttamann eða flokk er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur eða flokkur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum, sbr. skilgreiningu ÍSÍ og viðkomandi sérsambands. Afreksfni teljast þeir íþróttamenn/flokkar sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu. Fatlaðir íþróttamenn á vegum Íþróttasambands fatlaðra þurfa að uppfylla sambærilegar kröfur um stöðu á heimslista IPC (International Paralympic Committee) skv. skilgreiningu ÍSÍ og ÍF á hverjum tíma. Aðeins verða styrktar þær íþróttageinar



fatlaðra sem eru keppnisgreinar á Paralympic Games (Ólympíumóti fatlaðra.) Þó yfirstjórn afreksíþróttastarfsins sé hjá heildarsamtökunum verður íþróttahreyfingin að axla sameiginlega ábyrgðina á því að halda úti afreksíþróttastefnu og skiptir þá öllu að ríkur metnaður til starfsins sé fyrir hendi jafnt hjá ÍSÍ, sérsamböndum/íþróttanefndum ÍSÍ, íþróttahéruðum, félögum og íþróttafólkinu sjálfu.

#### 4. grein - Umsóknir

- 4.1 Allar íþróttagreinar sem eru viðurkenndar af ÍSÍ og þá einkum þær, sem eiga þátttökurétt á Ólympíuleikum, eiga rétt á að sækja um styrki úr Afrekssjóði ÍSÍ enda uppfylli þau önnur skilyrði sem kveðið er á í reglugerð þessari. Umsóknir skulu berast stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ á þar til gerðum eyðublöðum, sem sjóðstjórn lætur í té. Nákvæm fjárhagsáætlun skal fylgja hverri umsókn.
- 4.2 Aðeins sérsambönd/íþróttanefndir ÍSÍ geta verið umsóknaraðilar, hvort heldur er um að ræða styrkveitingar til einstaklinga eða flokka. Sama gildir um þær íþróttagreinar sem sérsambönd hafa ekki verið stofnuð um. Þar er umsóknarhæf, sú íþróttanefnd, sem framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur viðurkennt. Umsóknaraðilar þurfa að uppfylla kröfur um afrekssstefnu, sbr. gr. 5.8.
- 4.3 Umsóknaraðilar skulu forgangsraða þeim umsóknum sem sendar eru inn til sjóðsins og skal útfyllt eyðublað með forgangsröðun fylgja umsóknum.
- 4.4 Sjóðsstjórn er heimilt að hafa frumkvæði að einstökum styrkveitingum og uppfærslu eða niðurfærslu á milli flokka afreksíþróttamanna.
- 4.5 Umsóknir, samstarfssamningar og önnur gögn skulu geymd í skjalasafni Afrekssjóðs ÍSÍ, sem er í vörslu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ skal svara skriflega öllum umsóknum sem berast sjóðsstjórninni.

#### 5. grein - Styrkveitingar

##### 5.1 Grundvöllur styrkveitinga

Sjóðsstjórn gerir tillögur um styrki, en styrkveitingar eru háðar staðfestingu og samþykki framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Við úthlutanir skal taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum. Einnig skulu lagðar til grundvallar afrekaskrár, uppröðunarlistar alþjóðasérsambanda eða aðrar þær viðmiðanir, sem leggja mat á árangur og afrek umsækjenda.

Þá skal tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- Afreka á síðustu Ólympíuleikum, heimsmeistarakeppnum hjá alþjóðasamböndum sem eru viðurkennd af IOC, eða öðrum stórmótum.
- Áætlana og stefnumörkunar viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ um afrekssstefnu, þar sem skipulagt starf og uppbygging liggur að baki, frá mánuði til mánaðar og allt að lokatakmarki. Gera má kröfu um upplýsingar um þjálfun og þjálfara, nákvæma fjárhagsáætlun, ábyrgð forystumanna og raunhæft mat á árangri innan tilgreinds tíma.
- Mótframlagi viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSÍ vegna verkefnisins
- Afrekssjóði ÍSÍ er heimilt að taka mið af framfærslukostnaði viðkomandi íþróttamanns/íþróttamanna svo og íþróttalegri þörf þegar ákvarðanir um styrkuppþæðir eru teknar.
- Aðra samninga íþróttamanns við fyrirtæki.



Ef út af er brugðið frá upphaflegri áætlun og upplýsingum, getur sjóðsstjórn frestað eða fellt niður frekari styrkveitingar sbr. einnig 6. grein þessara reglna. Ekki er sjóðsstjórn skylt að veita styrki til afreksíþróttafólks eða afreksflokka enda séu gild rök fyrir slíkri frávísun.

## 5.2 Greiðsluflokkar einstaklingsíþróttar

Afreksíþróttafólki í einstaklingsgreinum er skipt niður í þrjá styrkleikaflokka til viðmiðunar:

A-flokkur Afreksíþróttamenn sem teljast líklegir til þess að verða meðal átta bestu á næstu Ólympíuleikum eða Heimsmeistarakeppni í sinni íþróttgrein.

B-flokkur Afreksíþróttamenn með 20 bestu í heiminum í sinni íþróttgrein.

C-flokkur Afreksíþróttamenn með 40 bestu í heiminum í sinni íþróttgrein.

Greiðslur á mánuði skulu vera eftirfarandi:

A-flokkur: Kr.160.000 á mánuði

B-flokkur: Kr. 80.000 á mánuði

C-flokkur: Kr. 40.000 á mánuði.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita sérsamböndum/íþróttanefndum ÍSí styrki vegna einstaklinga sem líklegir eru til að ná góðum árangri í sinni íþróttgrein í formi mánaðargreiðslna eða eingreiðslustyrkja vegna verkefna sem þeir taka þátt í, jafnvel þó þeir hafi ekki náð framangreindum viðmiðunum enda teljist árangur þeirra framúrskarandi að teknu tilliti til styrkleika íþróttgreinarinnar.

Við ákvörðun styrkveitinga er sjóðsstjórn heimilt að hafa til hliðsjónar stöðu íþróttamanns í heimsafreksskrá að teknu tilliti til þátttökukvóta á heimsmeistaramótum og/eða Ólympíuleikum. Fái ÍSí styrk vegna viðkomandi íþróttamanns frá Ólympíusamhjálpinni er heimilt að draga þá upphæð frá áður samþykktu framlagi Afrekssjóðs ÍSí, sbr. 7. grein.

## 5.3 Styrkir til flokkaíþróttar

Afrekssjóður ÍSí veitir styrki til flokkaíþróttar vegna A landsliðsverkefna og má skipta þeim í styrkleikaflokka með sama hætti og einstaklingsíþróttafólki. Viðkomandi sérsamband skal leggja fram mótaða afrekss stefnu og áætlun um framkvæmd hennar, um þjálfun og þjálfara, fjárhagsáætlun og raunhæft mat á væntanlegum árangri. Sjóðsstjórn er heimilt að meta styrkuppghæðir með tilliti til ofangreindrar afrekss stefnu svo og með hliðsjón af stöðu viðkomandi liðs á heimsvísu. Einnig skal sjóðsstjórn taka tillit til styrkleika viðkomandi íþróttgreinar við mat sitt á styrkhæfi verkefna. Þá skal sjóðsstjórn jafnframt meta hvort viðkomandi lið hafi náð stórstígum framförum og hafi möguleika á áframhaldandi velgengni. Sjóðsstjórn getur frestað eða fellt niður styrkveitingar ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt eða ef í ljós kemur að árangur er ekki eins og stefnt var að.

Sömu reglur gilda og í 5.5 um framlagða reikninga vegna útgjalda.

## 5.4 Eingreiðslustyrkir

Ef sjóðsstjórn Afrekssjóðs ÍSí metur verkefni vera áhugavert í ákveðinn reynslutíma getur hún veitt svokallaðar eingreiðslur til efnilegra íþróttamanna og/eða íþróttaflokka. Um allar slíka styrki gilda sömu reglur og í greinum 5.1, 5.3 og 5.5 varðandi þjálfunar- og keppnisáætlun, fjárhagsáætlun og greiðslur gegn reikningum.

## 5.5 Upplýsingar í umsóknum/reikningar gegn greiðslu

Styrkuppghæð skal greidd út skv. uppgjörum og reikningum af útlögðum kostnaði eða eftir nánara samkomulagi við stjórn og/eða starfsmann sjóðsins sem getið er um í fyrirbyggjandi samningi.



Sjóðsstjórn skal einnig taka tillit til þeirra samninga sem viðkomandi íþróttamaður hefur gert sbr. 8. grein.

#### 5.6 Greiðsla vegna fagteymis.

Afrekssjóður ÍSí getur ákveðið að styrkja viðkomandi sérsamband/íþróttanefnd ÍSí vegna þjónustu læknis, sjúkráþjálfara, nuddara, sálfræðings eða einhvers þess aðila sem faglega getur undirbúið viðkomandi íþróttamann/lið fyrir keppni. Sú greiðsla er háð fyrirfram skilgreindum samningi milli Afrekssjóðs ÍSí og viðkomandi fagaðila endi berist greiðslur beint frá Afrekssjóði ÍSí beint til viðkomandi aðila.

#### 5.7 Tilgangur fjárhagsstuðnings – fjárhagsleg atriði

Styrkir Afrekssjóðs ÍSí eru fyrst og fremst til þess að greiða kostnað við æfingar og undirbúning undir keppni. Einungis umsóknir sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí vegna þeirra íþróttamanna sem stunda íþrótt sína með áframhaldandi keppni eða afrek fyrir augum geta fengið styrki úr sjóðnum. Styrkveitingin er því ekki verðlaun fyrir unnin afrek, þótt þau séu lögð til grundvallar, heldur aðstoð og hvatning til frekari afreka og áframhaldandi keppni.

Allar greiðslur, einnig þær sem eyrnamerkar eru einstaklingum, skulu ganga til sérsambands/íþróttanefnd ÍSí, sem greiðir síðan viðkomandi einstaklingi. Gerður skal sérstakur samningur um hvern einstakan styrk milli Afrekssjóðs ÍSí, sérsambands/íþróttanefndar ÍSí og íþróttamanns þar sem markmið, greiðslur og önnur atriði skulu skilgreind skilmerkilega vegna viðkomandi verkefnis/tímabils. Óheimilt er að verja styrkgreiðslum í almennan eða annan rekstur sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí.

#### 5.8 Afreksstefnur sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí

Eingöngu má veita styrki til þeirra sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí sem hafa mótaða afreksstefnu. Skal sú stefna gilda til nokkurra ára og vera til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands/íþróttanefndar ÍSí ár hvert. Afreksstefnur skulu sendar Afreks- og Ólympíusviði ÍSí til samþykktar og skal sviðið upplýsa stjórn Afrekssjóðs ÍSí um stöðu þeirra og áherslur. Afreksstefnur sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí skulu taka mið af Stefnuyfirlýsingu ÍSí um afreksíþróttir sem er til umfjöllunar á Íþróttþingi ÍSí, sem og leiðbeinandi ramma um afreksstefnur sem framkvæmdastjórn ÍSí setur.

### 6. grein – Breyttar forsendur styrkveitinga

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að fella styrkveitingar til einstaklinga og flokka tafaralaust úr gildi ef aðstæður breytast eða sjóðsstjórn hafa verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar. Sjá einnig 8. grein.

### 7. grein – Styrkir Ólympíusamhjalparinnar

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí skal vera eftirlitsaðili með því að styrkir Ólympíusamhjalparinnar (Olympic Solidarity) renni til ólympíuíþróttar skv. skilgreindum umsóknum ÍSí til Ólympíusamhjalparinnar í samráði við framkvæmdastjórn ÍSí og viðkomandi sérsambönd/íþróttanefndir ÍSí. Sjóðsstjórn skal taka tillit til styrkveitinga Ólympíusamhjalparinnar, þegar hún leggur mat og ákveður sínar eigin styrkveitingar.



## 8. grein - Skyldur íþróttamanna

Íþróttamanni er skylt að gera sjóðnum grein fyrir þeim tekjum og samningum sem hann hefur unnið til á meðan hann er á styrk hjá sjóðnum (sjá einnig 5.gr., 8.gr.) Afrekssjóður ÍSí skal taka tillit til tekna sem viðkomandi íþróttamaður hefur unnið sér inn á árinu á undan við næstu úthlutun til lækkunar eða hækkunar. Vinni íþróttamaður sér inn háar fjárhæðir vegna íþróttaiðkunar sinnar er eðlilegt að Afrekssjóður ÍSí dragi úr styrkveitingum sínum eða felli þær alveg niður um tíma við næstu úthlutun. Þegar íþróttamaður er á styrk frá Afrekssjóði ÍSí er honum óheimilt að semja við aðra styrktaraðila nema að fengnu leyfi Afrekssjóðs ÍSí og viðkomandi sérsambands/íþróttanefndar ÍSí, enda renni hluti viðkomandi styrks til íþróttastarfsins. Íþróttamaður sem er á styrk hjá Afrekssjóði ÍSí hefur ákveðnum skyldum að gegna gagnvart sínu sérsambandi/íþróttanefnd ÍSí og ÍSí. Þetta eru skyldur varðandi reglur ÍSí um lyfjanotkun og lyfjaeftirlit, siða- og agareglur ÍSí, Ólympíusáttmálann, almennt kynningarstarf í skólum og íþróttafélögum svo og skilyrði um þátttöku í Íslandsmótum. Skulu sérstök ákvæði þar að lútandi koma fram í samningi þeim er gerður er við viðkomandi sérsamband/íþróttanefnd ÍSí og íþróttamann.

## 9. grein - Starfsmaður - Eftirlit

Sérstakur starfsmaður sinnir verkefnum þeim sem Afrekssjóð ÍSí eru falin. Hann þarf að hafa yfirlit yfir almenna starfsemi sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí og vera þeim til ráðuneytis í afreksmálum. Starfsmaðurinn hefur eftirlit með því að fjárveitingum sé varið til þeirra verkefna sem þeim var úthlutað til, fer yfir fylgiskjöl og hefur virkt eftirlit með tekjum og gjöldum sérsambands/íþróttanefndar ÍSí og íþróttamanna vegna viðkomandi verkefna. Hann hefur tengsl við sérfræðinga sjóðsins og hefur milligöngu milli þeirra og sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí. Hvert sérsamband/íþróttanefnd ÍSí sem fær styrk úr sjóðnum skal tilnefna umsjónaraðila og tengilið með viðkomandi samningi gangvart Afrekssjóði ÍSí. Hann skal vinna náið með starfsmanni Afrekssjóðs ÍSí með það að markmiði að því fjármagni sem veitt er til verkefna nýtist sem best.

## 10. grein – Fyrningar

Styrkir eru veittir vegna þeirra umsókna sem berast sjóðnum og skal styrkjum ráðstafað til ákveðinna verkefna/kostnaðarþátta sem um er getið í umsókn og í samningi. Skilagreinar um ráðstöfun styrkja skulu berast Afrekssjóði ÍSí eins og getið er um í samningum Afrekssjóðs ÍSí við sérsambönd/íþróttanefndir ÍSí og íþróttamenn þeirra.

Eigi síðar en undir lok hvers styrksárs skal lokaskilagreinar berast Afrekssjóði ÍSí. Hafi hún ekki borist fyrir 1. apríl næsta árs, eða innan þriggja mánaða frá lokum samnings, ber Afrekssjóði ÍSí að fella niður þann hluta styrksins sem er ógreiddur. Jafnframt getur Afrekssjóður ÍSí óskað eftir því að styrkþegi (sérsamband/íþróttanefnd ÍSí) og/eða íþróttamaður) endurgreiði Afrekssjóði ÍSí þann hluta styrksins sem þá þegar hefur verið greiddur þar sem ekki er ljóst hvernig þeim fjármunum hefur verið varið.

Starfsmaður Afrekssjóðs ÍSí skal í byrjun apríl ár hvert taka saman lista yfir þá styrki sem fella á niður samkvæmt reglugerð sjóðsins. Skal listinn borinn undir formann Afrekssjóðs ÍSí, gjaldkera ÍSí og framkvæmdastjóra ÍSí til samþykktar og staðfestur af framkvæmdastjórn ÍSí. Að því loknu skal styrkþegum tilkynnt um fyrningu styrksins.



---

## 11. grein - Gildistími

Starfsreglur þessar eru settar með tilvísan til samþykktar íþróttatþings um afreksíþróttastefnu og öðlast gildi að fenginni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSí. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega. Heimilt er að veita sérsamböndum/íþróttanefndum ÍSí undanþágu vegna liðs 5.8 um afreksstefnur, vegna styrkja ársins 2012, gegn því að afreksstefnur séu samþykktar eigi síðar en á árinu 2012 og til umfjöllunar á sérsambandsþingi eða formannafundi það ár.

**Samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar ÍSí 4. janúar 2012.**